

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1687
komudagur 2. 4. 198



HÚSI VERSLUNARINNAR
103 REYKJAVÍK ICELAND
SÍMI: 568 7811
TELEFAX: 354 568 5569

27.mars 1998

Efni: Umsögn við frumvarp til áfengisлага

Kaupmannasamtök Íslands hafa yfirfarið umrætt frumvarp í ljósi þeirrar margyfirlýstu skoðunar samtakanna að afleggja eigi einkasölukerfi ríkisins á smásölu á áfengi, og allar breytingar á núgildandi lögum þurfi að vera skref að því marki. Kaupmannasamtök Íslands telja óeðlilegt og óheppilegt að fella alla áfenga drykki undir einn hatt með orðinu áfengi. Því hafi sú þrískipting, sem er í frumvarpi um gjald á áfengi er nú liggur fyrir þinginu verið eðlileg, og í samræmi við það beri að halda sömu þrískiptingu áfram þegar rætt er um sölumeðferð áfengra drykkja.

Í 3.gr. er kveðið á um að smásala áfengis skuli vera leyfisskyld, og megi veita leyfi aðilum er uppfylla almenn skilyrði sem lögin áskilja. Þetta telja KÍ ásættanlegt, svo og skilyrðið um skráningu í fyrirtækjaskrá í 5.gr. En í samræmi við það sem áður var sagt um þrjá flokka áfengra drykkja, telja Kaupmannasamtök Íslands eðlilegt að hægt sé að sækja um leyfi til smásölu á einum eða fleiri þessara þriggja flokka sérstaklega. Þetta er afar mikilvægt út frá sjónarmiði almennrar verslunar sem hefur lagt megináherslu á að fá bjór og léttvín til sölumeðferðar, en ekki lagt kapp á sölu eimaðra áfengra drykkja. Skilyrði varðandi sölumeðferð gætu líka verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða bjór og léttvín eða eimað áfengi.

Í 10.gr. er staðfest einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis, og er þessu mótmælt. Aukið vald sveitarfélaga varðandi leyfi til rekstrar áfengisútsölu er jákvætt skref ef það þýðir jafnframt að aðgengi, þjónusta og jafnræði íbúa landsins til að nálgast áfenga drykki er aukið. Minna má hér á, að í Svíþjóð getur hvert sveitarfélag krafist þess að íbúar eigi greiða leið til að kaupa áfenga drykki í heimabyggð sinni.

Í 11.gr. er mikilvægt að orðið málefnaleg haldist inni í annarri málsgreininni.

Í 12. gr. hljótum við að mótmæla þeirri hugsun sem þar birtist með því að rætt er um :
... afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, ..




Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að ætíð sé um að ræða sölu á öllum þremur flokkum áfengis sbr. framansagt, og að ætíð þurfi að aðgreina sölurými sem þessar vörur eru í frá öðrum verslunarrekstri.

Kaupmannasamtök Íslands mótmæla þessari hugsun og orðalagi. Í fyrsta lagi sé eðlilegt, eins og áður var tekið fram, að heimila sölu eins eða fleiri hinna þriggja flokka, og þá þurfi jafnframt að miða skilyrði mið þann flokk en ekki ætíð við stífastu skilyrði (væntanlega vegna sölu eimaðra drykkja). Að óbreyttu orðalagi greinarinnar er einnig rétt að átta sig á því, að verslunum sem kunna að sækja um smásöluleyfi er mismunað. Einungis stórar verslanir geta stúkað af sérstakt húsnæði og rekið þar með arðbærum hætti söludeild með áfenga drykki. Fólki væri með þessum hætti beint til slíkra aðila, en minni verslanir, sem þó gætu verið einar á fámennari markaði (bæjarfélagi eða hverfi) gætu ekki gert slíkt þótt ekki væri ætlun ríkisvaldsins að skerða þjónustu við íbúana þar. Benda má á, að t.d. í Danmörku er bjór og léttvín til sölu inni í almennum verslunum án sérstakrar aðgreiningar frá öðrum vörum. Sterkt (eimað)áfengi þarf hins vegar að hafa á bak við afgreiðsluborð þannig að viðskiptavinir nái því ekki en séu afgreiddir. Víða gilda svipaðar reglur.

Kaupmannasamtök Íslands hvetja til þess að þrískiptingin verði íhuguð, og telja að það muni auðvelda eðlilega og fyrirsjáanlega þróun á smásölu áfengra drykkja á Íslandi til samræmis við þarfir og væntingar þorra almennings.

Virðingarfyllst,
KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri